



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNIN

Tilkynnt var um verðlaunahafa Íslensku menntaverðlaunanna 2021 í dag, miðvikudaginn 10. nóvember. Stofnað var til verðlaunanna árið 2005 og voru þau veitt til ársins 2011 en vakin til lífs að nýju árið 2020 með stuðningi mennta- og menningarmálaráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga auk embættis forseta Íslands og fjölmargra samtaka og stofnana á vettvangi skóla- og menntastarfs. Markmið verðlaunanna er sem fyrr að vekja athygli á og hefja til vegs í samfélaginu það metnaðarfulla og vandaða starf sem unnið er með börnum og ungmennum á öllum skólastigum.

Fjölmargar tilnefningar bárust um verðuga verðlaunahafa í öllum þremur aðalflokkum Íslensku menntaverðlaunanna og til hvatningarverðlauna. Viðurkenningaráð valdi úr þeim og kynnti niðurstöðu sína á alþjóðlegum degi kennara 5. október síðastliðinn. Úrslitin voru síðan gerð opinber í kvöld með sjónvarpsútsendingu á RÚV frá veitingu verðlaunanna sem fram fór á Bessastöðum.

Verðlaunahafar Íslensku menntaverðlaunanna 2021:

Verðlaun fyrir **framúrskarandi skólastarf eða menntaumbætur** hlýtur leikskólinn Aðalþing fyrir framsækið, skapandi skólastarf og lýðræðislega starfshætti.

Verðlaun sem **framúrskarandi kennari** hlýtur Hanna Rún Eiríksdóttir, kennari við Klettaskóla, fyrir framúrskarandi kennslu nemenda með fötlun, meðal annars fyrir að þróa nýjar leiðir til tjáskipta.

Verðlaun fyrir **framúrskarandi þróunarverkefni** hlýtur Nanna Kr. Christiansen og skóla- og frístundasvið Reykjavíkur fyrir þróunarverkefnið *Leiðsagnarnám*. Verkefnið snýr að eflingu námsmenningar sem stuðlar að aukinni ábyrgð nemenda á eigin námi.

Hvatningarverðlaun Íslensku menntaverðlaunanna hljóta að þessu sinni Vilhjálmur Magnússon og Vöruhúsið – miðstöð skapandi greina á Hornafirði, sem er einstakur vettvangur til kennslu í nýsköpun og list- og verkgreinum á öllum skólastigum. Þar er boðið upp á formlegt og óformlegt nám í handverki, hönnun og hugmyndavinnu þar sem lögð er áhersla á þverfaglega samvinnu.

Að Íslensku menntaverðlaununum standa embætti forseta Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, Félag um menntarannsóknir, Grunnur – félag fræðslustjóra og stjórnenda skólaskrifstofa, Kennaradeild Háskólans á Akureyri, Kennarasamband Íslands, Listaháskóli Íslands (listkennsludeild og tónlistardeild), Menntamálastofnun, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök áhugafólks um skólaþróun og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Hér má sjá vefsíðu verðlaunanna: <https://skolathroun.is/menntaverdlaun/>

10. nóvember 2021

Nánari upplýsingar veitir skrifstofa forseta Íslands (540 4400)